



## **Fundargerð stjórnar**

17. fundur

Fimmtudaginn 19. mars 2009 var fundur haldinn í stjórn byggðasamlagsins á skrifstofu Domus á Blönduósi og hófst fundur kl 13.00. Á fundinn voru mættir stjórnarmennirnir: Gunnar Bragi Sveinsson og Magnús B. Jónsson en auk þeirra sátu fundinn Magnús Ólafsson frá fasteignasölunni Domus og eigendur Sölvabakka Anna Margét Jónsdóttir og Sævar Sigurðsson

Á fundinum voru eftirfarandi málefni tekin fyrir:

### **1. Samningur um land til urðunar.**

Fyrir fundinum lágu drög að samningi sem Magnús Ólafsson fasteignasölunni Domus hafði gert um leigu á 30 ha úr landi Sölvabakka fyrir urðunarstað úrgangs. Samningurinn miðar við að landið sé tekið á leigu til 30 ára. Meðfylgjandi samningnum og hluti hans var uppráttur af hinu leigða landi. Farið var yfir samninginn og gerðar nokkrar breytingar.

Samningurinn var síðan undirritaður af báðum aðilum, stjórnarmönnum Norðurár bs og eigendum Sölvabakka. Stjórn Norðurár undirritaði samninginn með fyrirvara um samþykki eigendafundar sem verði haldinn fyrir 1. maí nk.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 16.00

---

Gunnar Bragi Sveinsson

---

Magnús B. Jónsson

---

Vignir Kjartansson